

Nr. 571

22. júní 2010

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Skorradalshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Skorradals-hrepps þann 13. janúar 2010 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi Dagverðarness, svæði S2, lóð nr. 47.

Breytingin nær einungis til lóðarinna nr. 47 við Dagverðarnes og felur í sér að heimilað hámarksbyggingarmagn verður 110 fm auk geymslu. Viðbyggingar skulu ekki rísa herra en núverandi hús.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti hreppsnefnd Skorradalshrepps þann 14. apríl 2010 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga í Hálsaskógi vegna lóðarinna nr. 45 við Refsholt.

Breytingin felst í að útveggir verða klæddir að 1/3 með timburklæðningu. Aðrir veggfletir verða klæddir með stallaðri áklæðningu sem er í mismunandi dýpt og breidd, litur „antrazink“.

Framangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Skorradal, 22. júní 2010.

F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps,

Ólöf Guðný Valdimarsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 7. júlí 2010